



Fundargerð

Fundur í fjallskilanevnd Reykhólahrepps
19. júlí 2018 kl. 20.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru: Árný Huld Haraldsdóttir, Bergur Þrastarson, Hjalti Helgason, Styrmir Sæmundsson og Vilberg Þráinsson.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Kosning formanns og varaformanns nefndarinnar.

Formaður: Árný Huld Haraldsdóttir

Varaformaður: Vilberg Þráinsson

Samþykkt samhljóða.

2. Viðhald rétta 2018.

Króksfjarðarnesrétt, Eyrarrétt og Kinnastaðarétt þarfnast viðhalds.

Nefndin leggur til að formaður nefndarinnar hafi samband við Jón Kjartansson sem er umsjónarmaður með réttum. Réttarstjóri og fulltrúar nefndarinnar fari svo með Jóni í réttirnar og sjái hvað þarf að gera. Einnig aðstoða þeir við framkvæmdir.

3. Fjallskilaseðill, dagsverk 2018.

Skoðað nánar þegar fjártlur berast frá MAST eftir sumarfrí starfsmanna 7. Ágúst.

Formanni falið að setja upp drög að leitaræðli fyrir næsta fund.

4. Leitardagar 2018

Lagt fram að fyrirkomulag sé með eftirfarandi hætti:

Leitarsvæði 1: Leitað 22. og 29. September

Leitarsvæði 2: Leitað 15. og 29. September

Leitarsvæði 3 ABC: leitað 15. og 29. September

Leitarsvæði 3 D: leitað 22. og 29. September

Leitarsvæði 3 E: Leitað 21. og 30. September

Leitarsvæði 3 F: Leitað frá og með 31. Ágúst eða þegar veður leyfir.

Leitarsvæði 3 G: Leitað 24. og 29. September

Leitarsvæði 4 A: Leitað 22. Og 29. September

Leitarsvæði 4 B: Leitað 15. Og 29. September

Leitarsvæði 4 C: Leitað 15. Og 29. September

Leitarsvæði 4 D: Leitað 15. Og 29. September

Leitarsvæði 4 E: Leitað 8. Og 29. September

Leitarsvæði 4 F: Leitað 8. Og 29. September

Leitarsvæði 5: Leitað 3.-7. og 29. September

Lagt til að fjallskilasamþykkt og reglur um leitardaga verði endurskoðaðar, á aukafundi nefndarinnar í nóvember, fyrir næsta ár.

Önnur mál. (ef einhver)

Engin önnur mál.

Fundi slitið 22:30